

MI. 12.10.0	Ábm. HG
Innk.	9. SEP. 2019
DMR	17120086

Viljayfirlýsing


Þjóðkirkjan annars vegar og forsætis-, fjármála- og efnahagsráðherra og dómsmálaráðherra hins vegar gefa sameiginlega út svofellda viljayfirlýsingu í tengslum við nýjan viðbótarsamning á milli þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins.

Með nýjum samningi er stefnt að stórauknu fjárhagslegu sjálfstæði þjóðkirkjunnar. Í samræmi við það eru aðilar sammála um að einfalda mjög allt lagaumhverfi og fyrirkomulag á þeim greiðslum sem þjóðkirkjan fær úr ríkissjóði. Þjóðkirkjunni er í sjálfsveld sett hvort og hvernig hún heldur áfram starfsemi þeirra sjóða sem reknir hafa verið á grundvelli laga.

Stefnt skal að eftirfarandi lagabreytingum í kjölfar sammingsgerðarinnar:


- Lög um laun sóknarpresta nr. 46/1907 og lög nr. 36/1931 um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra verði felld úr gildi. Þjóðkirkjan setji sjálf gjaldskrá fyrir aukaverk presta og hafi sjálfðæmi um fjárhæðir. Kirkjugarðar hætti að greiða fyrir prestþjónustu við útfarir, kistulagningar, og athafnir við jarðsetningu duftkers eða kistu.
- II. kafli laga nr. 35/1970 um Kristnisjóð o.fl. verði felldur úr gildi. Þjóðkirkjan taki við eignum og skuldbindingum sjóðsins ásamt þeim verkefnum sem honum eru nú falin í lögum. Kirkjuþing setji nánari reglur um verkefni sjóðsins.
- Lög nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð verði felld úr gildi. Þjóðkirkjan taki við eignum og skuldbindingum sjóðsins ásamt þeim verkefnum sem honum eru nú falin í lögum. Kirkjuþing setji nánari reglur um verkefni sjóðsins.
- II. kafli laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. og reglugerð nr. 206/1991 um Jöfnunarsjóð sókna verði felld úr gildi. Þjóðkirkjan taki við eignum og skuldbindingum sjóðsins ásamt þeim verkefnum sem honum eru nú falin í lögum. Kirkjuþing setji nánari reglur um verkefni sjóðsins.
- V. kafli laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, þar sem fjallað er um réttarstöðu starfsmanna þjóðkirkjunnar verði endurskoðaður með hliðsjón af nýjum viðbótarsamningi aðila. Lokamálsliður 31. gr. laganna, þar sem fjallað er um héraðssjóði, verði felld úr gildi.
- Framlög til þjóðkirkjunnar í fjárlögum verði í fyrsta lagi greiðsla samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu frá 1997 með síðari viðbótum (1. gr. viðbótarsammingsins). Í öðru lagi sóknargjöld samkvæmt lögum um sóknargjöld og fjárlög og í þriðja lagi árleg greiðsla samkvæmt 2. gr. viðbótarsammingsins. Þessi árlega greiðsla verði ótengd sóknargjöldum og sæti ekki frekari skerðingum en rekstrargrunnur ríkisins almennt í fjárlögum hverju sinni.
- Jafnframt munu fulltrúar þjóðkirkjunnar og ríkisins vinna saman að yfirferð yfir gildandi lög er varða þjóðkirkjuna með það að markmiði að einfalda regluverkið. Við þá vinnu verði m.a. byggt á þeim tillögum sem þjóðkirkjan hefur þegar fjallað um og sent ríkinu.

Reykjavík, 6. september 2019


Bjarni Benediktsson


Katrín Jakobsdóttir


Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir


Agnes M. Sigurðardóttir


Drífa Hjartardóttir